

Rennslisráðir og forritið „REFUR“

Hörður Svavarsson

Greinargerð HS-83-02

ORKUSTOFNUN Vatnsorkudeild
Verk- og vatnafræði

GREINARGERÐ

RENNSLISRÁÐIR OG FORRITID "REFUR".

Hörður Svavarsson

HS-83/02

Mars 1983

EFNISYFIRLIT

	Bls.
EFNISYFIRLIT.....	2
1 INNGANGUR.....	3
2 GAMLAR RENNSLISRAÐASKRÁR.....	3
3 NÝJAR RENNSLISRAÐASKRÁR.....	5
4 FORRITIÐ "REFUR".....	9
4.1 Undirforritið "REBBI".....	10
4.2 Undirforritið "REFPRI".....	12
4.3 Undirforritið "REFUR".....	12
4.4 Undirforritið "REFADD".....	13
4.5 Undirforritið "RNYTT".....	13
4.6 Undirforritið "REFINP".....	13
4.7 Undirforritið "REFCOR".....	13
4.8 Undirforritið "QREFUR".....	14
4.9 Undirforritið "RHAUS".....	14
4.10 Undirforritið "REFCUT".....	14
HEIMILDASKRÁ.....	15
MYND 1 Dreifing ársrennslis.....	7
TAFLA 1 Dæmi um rennslisröð.....	8
TAFLA 2 Rennslisraðir á gömlu .REF skránni.....	9
TAFLA 3 Sameinaðar rennslisraðir.....	11
VIÐAUKI Forritið "REFUR".....	16

1 INNGANGUR

Við rekstrareftirlíkingar í virkjunarlíkani Orkustofnunar "HYDRO" (Gunnlaugur H. Jónsson 1980) þarf að hafa til taks rennslisráðir fyrir þau vatnsföll sem við sögu koma. Reiknilíkanið "HYDRO" gerir ráð fyrir einni rennslisröð fyrir hvern safnpunkt innan virkjanakerfis. Safnpunktur getur bæði verið orkuver eða miðlun án orkuvers. Rennslisröðum er raðað eftir röð safnpunkta í kerfinu, í eina skrá.

Rennslisráðir eru ýmist miðaðar við mælistað eða ákveðna virkjun. Þegar verið er að kanna ýmsa virkjunarmöguleika þá þarf oft að búa til nýjar rennslisráðir fyrir þær virkjanir. Oft þarf að nota ákveðin hlutföll af rennslifleiri en einnar ár, til að áætla rennslisráðir á ákveðnum safnpunkti. Með forritinu "REFUR" er hægt að mynda eina rennslisröð úr mörgum, eða úr hlutarennslisráðum margra rennslisráða og velja saman í skrá þær rennslisráðir sem eiga við ákveðið virkjunarkerfi.

Þegar sett er upp ákveðið virkjanakerfi fyrir reiknilíkan Orkustofnunar, með nokkrum miðlunum og virkjunum, verður að setja í rennslisröð fyrir hvern safnpunkt, svokallað eigið rennslisráðir þess safnpunkts. Hér er átt við það að rennslisröð fyrir t.d. ákveðna miðlun inniheldur ekki endilega allt það rennslisráðir sem í miðlunina kemur, heldur aðeins það rennslisráðir sem bætst hefur við eftir næsta safnpunkt fyrir ofan í virkjunarkerfinu.

Á fyrsta fundi nefndar um endurskoðun á aðferðum við mat á orkuvinnslugetu vatnsorkuvera og rekstri þeirra í nóvember 1982 (Hörður Svavarsson 1982b), var rætt um samræmingu gagna vegna rekstrareftirlíkinga. Rætt var um rennslisráðir, hver ætti að hafa umsjón og eftirlit með þeim. Lagt var til og samþykkt að Orkustofnun varðveitti og hefði yfirlit með þeim.

2 GAMLAR RENNSLISRÁÐASKRÁR

Til eru í tölvuskrá (Orkustofnun) nokkrar rennslisráðir eða um 25 talsins (sjá töflu 2). Þær eru geymdar í "unformatted, directaccess" tölvuskrá, með "recordsize" 512 "doublewords" (þ.e. hver röð tekur 4 blokkir og "MAXBUF" er 4*512 eða 2048. "Doubleword" er jafnt og 4 bytes. Hver

rennslisraðaskrá getur innihaldið margar rennslisraðir. Skráð rennsli er tíföld summa rennslis í 14 daga í gígalítrum (G1/2V), samsvarar 1 m³/s rennsli 1,2096 G1/2V. Árinu er því skipt í 26 tímabil (miðað er við vatnsár). Rennslið er margfaldað með tíu til að vera með heilar tölur í skránni. Ástæðan fyrir því að rennslið er skráð tífalt og geymt þannig er sú að ástæða þótti til að hafa minnst einn aukastaf með og heiltölur taka minna pláss í skrá heldur en kommutölur. Tölur á forminu INTEGER*2 taka 2 bytes. Þegar nota á rennslisraðir þarf því að margfalda allar rennslitölur (G1/2V) í röðinni með 0,1 til að fá rétt gildi á rennslið. Fjöldi ára í hverri rennslisröð má mest vera 39. Mestur fjöldi rennslitalna í hverri röð er 39 ár * 26 tveggjavíkna tímabil eða jafnt og 1014, hver tala 2 bytes => 2 * 1014 = 2028 bytes, afgangur eru 20 bytes sem ekki eru notuð (MAXBF: 2028+20=2048).

Í rennslisröðunum er gert ráð fyrir 364 dögum í árinu (26*14). Rennsli 31. júlí og 29. febrúar (í hlaupaári) er sleppt. Hver rennslisröð er í skránni undir sérstöku númeri (sem kallast á tölvumáli "associatevariable"). Í skránni eru eingöngu rennslitölur, ekkert nafn eða annað sem gefur til kynna hvaða rennslisröð er um að ræða. Því þarf að skrá hjá sér undir hvaða númeri hver rennslisröð er, í hverri skrá, ef um margar rennslisraðir er að ræða. Einnig þarf að skrá hjá sér stutta lýsingu á hvernig hver og ein rennslisröð er búin til, þannig að ekkert fari á milli mála. Rennslisraðaskrá á þessu formi hafa ákveðið heiti, þ.e. nöfn á tölvuskrá enda alltaf á ".REF", þetta er gert vegna þess að verið er að breyta uppsetningu á skránum. Til er greinargerð sem lýsir eldri útgáfu af rennslisraðaskrá (Hörður Svavarsson 1982a). Verður nýju rennslisraðaskránum lýst hér á eftir.

Í eldri útgáfum af reiknilíkaninu "HYDRO" var gert ráð fyrir að allar rennslisraðir væru geymdar í einni skrá, síðan voru settar inn upplýsingar í "stöðvarskrá" (Hörður Svavarsson 1983) um það hve margar rennslisraðir og hvaða margföldunarstuðla nota ætti fyrir ákveðinn safnpunkt í því líkani sem gera átti rekstrareftirlíkingu af. Í "HYDRO" voru síðan gefinn upp númer þeirra rennslisraða sem nota átti.

3 NÝJAR RENNSLISRAÐASKRÁR

Nýju rennslisraðaskránum verður öllum gefið nafn sem endar á ".REN". Ekki má blanda þessum tveim týpum af rennslisröðum saman, en hægt er með aðstoð forritsins "REFUR" að umskrifa gamlar rennslisraðir yfir á nýja formið. Reiknilíkan Orkustofnunar "HYDRO" getur nú aðeins unnið með nýju gerðinni af rennslisröðum.

Eftirfarandi breytingar hafa verið gerðar á rennslisraðaskrá: Nýju rennslisraðirnar eru nú geymdar á kommutöluformi ("REAL*4"), ekki lengur sem heiltölur, þarf því ekki lengur að margfalda gildin með 0,1 til að fá rétt gildi á rennslíð. Af því leiðir að það pláss sem hver rennslisröð notar tvöfaldast þ.e. "RECORDSIZE" er 1024, "MAXBUF" er 4096. Hver rennslisröð tekur nú 8 blokkir, $8 * 512 = 4096$. Fjöldi rennslisraða er enn sá sami 39 ár * 26 tímabil = 1014 ($1014 * 4(\text{REAL} * 4) = 4056$ bytes), afgangur verða því $4096 - 4056 = 40$ bytes, sem notuð eru til að lýsa rennslisröðinni með allt að 40 stafa texta.

Dæmi um hvernig lesið er af rennslisraðaskrá með fortran forriti.

```

DIMENSION RRQD(39,26)
BYTE FNAME(32),RNAFN(40)
TYPE *,'FJÖLDI ARA'
ACCEPT 1,IAR
1  FORMAT (I3)
   TYPE *,'NAFN A RENNSLISRAÐASKRA'
   ACCEPT 2,IQ,FNAME
2  FORMAT (Q,32A1)
   FNAME(IQ+1) = 0
   TYPE *,'NUMER A RENNSLISRÖÐ'
   ACCEPT 1,NRE
   OPEN (UNIT=1,NAME=FNAME,STATUS='OLD',ACCESS='DIRECT',
1  FORM='UNFORMATTED',RECL=1024,ASSOCIATEVARIABLE=NRE)
   READ (1,NRE) RNAFN,((RRQD(J,K),K=1,26),J=1,IAR)
   CALL CLOSE(1)

```

Í töflu 1 hér á eftir er dæmi um útprentun með forritinu "REFUR" (undirforrit "REFPRI"), sýnir hún rennslisröð eins og hún kemur fyrir í rennslisraðaskrá, sýndur er einn aukastafur. Rennslisröðin í töflu 1 sýnir rennslisráðgjafarann í skjálfafljóts við Goðafoss, vatnsárin 1950-1980 (vatnshæðarmælir nr. 50). Rennslisraðir miðast við vatnsár


Þannig að fyrsta rennslistalan í hverju ári t.d. 1950 er rennsli fyrstu 14 daganna í september, en vatnsárið byrjar 1. september og lýkur 31 ágúst. Alls eru þetta 31 vatnsár (tvær línur fyrir hvert ár). Einnig er sýnt heildarrennsli hvers árs í GL. Að lokum er sýnt meðalrennsli tveggjavigna tímabils, meðalársrennsli í GL og meðalrennsli alls tímabilsins í m³/s.

Algengast er að rennslisráðir byrji í september 1950, þannig að hægt er að nota 30 ára rennslisráðir í rekstrareftirlíkingum, vatnsárin 1950 - 1979, ef svo er ekki þarf að skrá það sérstaklega hjá sér. Gæta þarf fyllstu varúðar þegar verið er að vinna með rennslisráðaskrár sem innihalda mislangar rennslisráðir.

Mynd 1 sýnir grunn að súlurit sem nota má til að sýna dreifingu rennslis einstakra ára innan rennslisráða eða t.d. meðalársdreifingu.

V00-VV-363-HS
82.08-0969-Gyða

DREIFING ÁRSRENNSLIS



MYND 1 Dreifing ársrennslis

TAFLA 1 Dæmi um rennslisröð

ORKUSTOFNUN 9- 3-1983 Rennslisröð nr. 1 úkra? ISHOLS.REN
Vatnsorkudeild Vinn 50 Skjalfandafliot Godafoss 50-80 3i Vatnsar

Rennsli (Gl/2vikum)														Arsrennsli (Gl)	
141.0	140.0	106.2	105.4	112.4	89.9	66.3	63.3	60.9	57.0	51.6	55.4	54.4			
47.9	45.1	39.9	39.7	62.8	306.2	371.6	178.2	170.2	97.2	102.0	131.2	137.0	2832.8	1950	
134.8	131.7	130.5	88.9	91.4	73.2	65.9	61.1	58.8	62.6	57.7	57.0	66.4			
41.0	42.8	56.3	75.4	89.5	291.5	266.8	180.4	199.4	166.7	157.6	108.8	98.5	2854.8	1951	
89.9	82.4	73.7	81.8	79.0	78.2	66.3	66.2	64.8	55.1	52.0	48.4	41.9			
122.6	169.8	62.5	99.6	223.0	130.7	263.2	203.2	163.5	136.4	140.1	122.1	108.9	2827.3	1952	
97.1	97.4	103.1	95.6	68.5	109.2	86.0	128.1	119.4	97.6	59.3	72.6	62.0			
59.5	55.9	69.6	140.2	137.2	266.0	207.4	104.8	98.2	112.8	104.7	107.4	105.9	2785.7	1953	
120.3	118.0	101.8	84.9	74.6	75.6	86.9	68.1	60.7	52.2	34.6	36.4	39.6			
68.2	57.3	79.2	202.6	87.2	80.3	283.2	144.8	136.9	146.4	151.2	95.1	84.7	2571.0	1954	
72.2	78.0	66.8	62.7	57.8	86.8	71.6	52.4	59.2	57.2	62.6	66.6	57.2			
58.3	71.5	121.0	101.8	90.0	137.5	226.8	159.5	136.0	102.5	100.5	87.5	78.2	2322.2	1955	
73.8	73.2	74.4	89.6	102.8	82.3	85.7	110.2	80.5	66.8	56.0	65.8	61.9			
52.0	48.2	74.6	104.5	160.8	92.7	274.8	128.5	117.0	106.9	84.8	78.6	70.0	2416.4	1956	
69.5	65.4	64.8	63.6	56.0	62.2	69.1	62.2	58.2	58.2	54.3	48.5	43.3			
41.1	42.9	50.9	86.5	73.0	49.2	266.9	223.7	140.8	119.0	92.0	82.1	86.2	2129.6	1957	
113.6	79.6	86.8	96.9	98.2	103.5	85.0	62.4	73.0	64.3	65.3	95.5	57.4			
80.1	106.5	71.4	79.4	85.3	396.8	175.3	123.9	137.5	118.4	133.4	101.2	117.7	2806.6	1958	
115.5	101.8	100.6	81.2	66.3	53.1	57.7	53.5	36.2	58.9	63.4	134.6	64.5			
57.0	59.5	68.9	100.2	171.3	284.7	175.7	140.6	121.7	97.8	131.7	114.7	95.0	2627.9	1959	
89.3	72.5	65.3	61.2	57.1	59.4	50.1	53.8	49.2	48.2	49.4	48.6	77.1			
56.2	55.7	55.7	81.0	193.2	376.6	168.6	122.7	105.8	94.3	126.1	104.5	108.6	2430.1	1960	
103.1	110.9	103.5	104.1	90.8	105.8	64.9	69.0	62.7	56.5	56.7	58.7	56.0			
54.5	54.8	53.7	233.5	283.7	140.5	204.2	158.5	140.5	124.5	112.2	100.9	99.4	2803.4	1961	
100.2	85.0	91.0	92.1	74.2	78.9	75.2	61.1	89.5	54.9	56.9	48.6	51.0			
54.1	52.6	105.8	80.2	111.0	122.1	335.1	163.6	125.4	97.1	100.1	89.4	76.1	2469.2	1962	
76.9	67.0	66.8	62.8	71.0	52.1	82.7	58.7	55.0	72.6	64.4	77.0	60.3			
83.7	85.7	91.2	54.6	60.2	113.7	122.7	82.7	87.3	90.3	97.4	88.4	80.4	2005.9	1963	
88.1	77.3	89.2	75.5	83.6	63.0	55.4	54.3	60.0	55.7	64.3	104.2	127.0			
65.0	58.9	77.9	67.9	64.0	137.3	343.3	145.0	95.8	100.6	85.5	67.6	65.1	2371.5	1964	
63.1	63.1	62.6	63.3	65.3	50.1	47.6	45.0	42.2	51.1	45.6	40.0	39.2			
40.0	41.0	40.5	46.7	53.3	121.0	310.1	228.2	132.1	115.5	94.9	91.5	108.5	2103.6	1965	
82.9	79.7	67.3	60.6	61.2	73.6	53.8	48.0	49.0	64.2	55.7	52.2	45.9			
42.4	43.1	52.9	134.6	130.5	151.2	175.7	243.5	109.7	116.5	103.7	90.1	87.0	2274.9	1966	
78.6	69.7	67.2	63.2	60.2	55.8	54.0	49.3	46.9	45.6	43.7	43.9	57.5			
106.5	60.5	58.0	96.0	72.6	95.7	255.6	182.4	103.4	115.5	133.0	111.1	89.7	2215.7	1967	
101.8	79.1	63.4	63.4	57.2	73.4	61.0	55.1	43.5	43.9	43.4	42.2	42.1			
40.9	42.7	50.2	73.2	58.3	194.1	319.1	196.9	128.8	118.3	133.7	104.4	90.3	2320.3	1968	
75.6	65.2	63.1	73.5	54.6	53.6	52.9	56.0	51.1	48.7	51.3	45.9	44.2			
45.0	48.4	44.2	45.9	89.6	219.4	284.1	402.9	152.2	135.0	114.5	113.1	106.8	2536.7	1969	
104.6	102.9	103.5	118.1	68.0	69.6	66.2	127.0	67.8	56.6	51.5	68.6	63.1			
98.7	65.4	66.8	111.5	231.3	271.3	337.5	174.1	114.5	131.0	105.2	96.6	92.1	2963.3	1970	
101.5	97.8	94.6	87.7	95.2	74.3	81.8	61.8	81.5	74.4	64.4	59.9	79.8			
69.1	69.6	65.7	89.5	109.9	132.0	126.9	152.2	134.9	135.3	123.3	96.0	101.7	2460.7	1971	
89.0	86.3	80.2	85.2	68.1	66.1	68.2	66.2	75.1	146.3	94.4	70.8	62.1			
84.1	121.2	75.2	228.1	129.8	155.5	198.6	172.5	170.2	223.9	159.1	144.2	131.5	3050.2	1972	
152.8	129.2	119.0	78.3	92.3	49.8	57.6	46.4	38.8	39.6	47.2	53.9	57.9			
74.1	75.6	215.2	331.4	187.9	195.3	146.4	145.4	131.4	124.1	108.5	108.2	112.8	2919.0	1973	
158.1	129.1	111.0	93.5	90.7	79.3	87.3	78.4	66.5	53.9	49.8	68.4	70.4			
62.2	61.2	71.7	85.1	177.5	180.0	318.7	238.0	330.0	201.5	140.2	137.2	108.5	3248.2	1974	
93.5	87.4	96.7	118.7	108.5	93.6	102.3	117.8	90.9	67.8	67.8	134.7	109.5			
86.4	79.3	70.2	131.0	104.9	152.2	173.7	162.9	150.8	144.7	120.3	120.0	126.3	2911.6	1975	
83.1	79.1	71.0	73.5	74.1	74.9	67.0	66.7	59.7	57.2	55.7	53.7	51.4			
52.3	60.3	61.7	58.6	57.6	215.4	439.4	177.7	126.0	132.2	110.8	93.5	87.2	2540.0	1976	
71.7	70.4	67.8	82.9	70.7	60.8	66.8	66.2	59.6	50.3	53.2	52.7	50.9			
53.4	53.9	97.4	87.4	124.7	219.2	242.4	313.0	161.2	155.9	140.9	123.6	113.6	2712.6	1977	
92.4	86.2	84.0	76.9	73.8	62.4	79.5	72.9	52.8	51.9	50.3	47.4	61.4			
51.1	50.1	50.6	81.8	78.3	55.3	315.4	522.8	156.2	120.0	109.7	96.9	94.3	2674.3	1978	
110.3	97.1	106.2	94.7	79.0	62.3	64.2	63.3	57.3	59.8	51.5	51.1	57.6			
57.7	52.6	85.9	117.1	205.0	339.3	134.1	124.6	106.6	98.3	89.9	94.2	77.7	2537.6	1979	
75.1	79.8	70.5	64.6	74.4	51.8	59.0	53.6	49.0	48.0	69.1	57.4	47.9			
46.9	46.7	97.4	174.8	82.5	278.4	260.8	149.7	162.4	104.6	107.0	102.1	107.7	2521.3	1980	
Medalrennsli (Gl/2vikum)														MQ (Gl/ari)	
97.4	89.7	85.6	82.1	77.3	71.7	68.9	67.7	62.6	60.6	56.3	63.3	60.0			
63.0	63.8	73.6	111.0	122.1	190.4	249.1	188.6	140.2	125.3	116.6	103.3	98.3	2588.5		

Medalrennsli 3i ara : 82.3 M3/s

TAFLA 2 Rennslisraðir í gömlu (.REF) skránni

Nr.	Staður.
1	Búrfell.
2	Þórisvatn + Kaldakvísl.
3	Hrauneyjafoss.
4	Sog.
5	Ísskolun við Búrfell, e. Sigöldu.
6	Ísskolun við Búrfell, e. Hrauneyjafoss.
7	Ísskolun við Búrfell, e. Sultartanga.
8	Laxá.
9	Krafla.
10	Andakíll.
11	Lagarfoss.
12	Bessastaðá.
13	Fjarðará.
14	Jökulsá í Fljótsdal, Hóll.
15	Blanda.
16	110
17	164
18	162
19	163
20	Eyjabakkar.
21	20
22	Vestfjarðaár.
23	Urriðafoss.
24	Vatnaöldur.
25	Hald.
26	Kelðuá.

4 FORRITIÐ "REFUR"

Forritið "REFUR" er notað til að vinna með rennslisraðaskrár, skrá og breyta rennslisröðum. Forritið kallar eftir vali á ýmiss undirforrit sem hvert fyrir sig gerir ákveðna hluti, verður hverju og einu undirforriti lýst hér á eftir. Notendur geta bætt inn í forritið nýjum undirforritum eftir eigin þörf, til að framkvæma ákveðna hluti varðandi rennslisraðir. Forritið er geymt á diskni undir númerinu <VOD241>.

Dæmi um hvernig þýða á og keyra forritið:

```
$ FOR/LIST/NOSHOW REFUR<RET>
$ LINK REFUR<RET>
$ RUN <VOD241>REFUR<RET>
$
```

4.1 Undirforritið "REBBI"

Undirforritið "REBBI" les ákveðinn fjölda af rennslisröðum af frumskrá, síðan er rennsli hverrar raðar fyrir sig margfaldað með ákveðnum rennslisstuðli (sem er jafn og 1 ef röð á að notast óbreytt). Margfeldin eru síðan lögð saman og búin til ný rennslisröð í nýrri skrá, undir ákveðnu númeri. Þannig er farið að fyrir hverja virkjun eða safnpunkt, fæst þá ein rennslisröð fyrir hverja virkjun (safnpunkt), sem lýsir því rennsli sem þar bætist við. Þetta er síðan endurtekið fyrir allar þær virkjanir eða miðlanir sem mynda ákveðið virkjanakerfi. Rennslisraðir fyrir hverja einstaka virkjun fá sín sérstöku númer. Raðirnar eru í sömu skrá og í rétttri röð miðað við virkjanakerfið.

Forritið spyr fyrst um fjölda ára (mest 39) í rennslisröðunum. Síðan er spurt um nafn á frumrennslisskrá og nafn sem gefa á nýju rennslisskránni sem innihalda á breyttu rennslisraðirnar. Eftir að búðið er að gefa upp nöfn á skrá, þarf að tiltaka fjölda rennslisraða sem nota á til að búa til nýja röð (lesa af frumskrá). Eftir að búðið er að ákveða fjölda rennslisraða, sem lesa á af frumskránni, spyr forritið um númer þeirra. Síðan eru slegin inn gildi stuðlanna sem margfalda á hverja rennslisröð með. Að síðustu er svo gefið upp hvaða númer nýja rennslisröðin á að fá, og allt að 40 stafa texti sem lýsir nýju röðinni og hún síðan send út í nýju skrána. Til að ljúka keyrslu forritsins er fjöldi rennslisraða gefinn jafnt og 0.

Í töflu 3 hér á eftir er sýnt eyðublað sem nota má til að skrá hvernig rennslisröð, sem sameinuð er úr mörgum rennslisröðum er fengin, samanber hér að ofan, margföldunarstuðlar geta bæði haft þópositíft og negatíft gildi.

4.2 Undirforritið "REFPRI"

Undirforritið "REFPRI" er notað til að búa til skrár sem innihalda rennslisraðir til prentunar (eingöngu á LA120). Sýnishorn af prentaðri rennslisröð er sýnt í töflu 1, hér að framan. "REFPRI" les af rennslisraðaskrá sem búin hefur verið til áður þ.e. ekki er hægt að búa til rennslisröð með þessu undirforriti. Gefa þarf upp nafn á rennslisskrá sem lesa á af, númer sem rennslisröðin er geymd undir í skránni. Ef númer er gefið jafnt og 0, þá hættir undirforritið vinnslu og farið er aftur í aðalforritið "REFUR". Gefa þarf upp fjölda ára sem rennslisröðin nær yfir og frá hvaða ári (dæmi: 30,1950). Þegar búð er að senda eina rennslisröð út í skrá er farið aftur fremst í undirforritið og gefin kostur á að senda fleiri rennslisraðir út í DMP-skrána. Ekki hægt að gefa upp nafn á nýrri rennslisraðaskrá nema fara fyrst aftur í aðalforritið. Í kafla 3 hér að framan var lýst því hvaða upplýsingar eru prentaðar út. Niðurstöður eru sendar í skrá sem heitir "REFPRI.DMP" og prentast skráin sjálfkrafa og eyðileggst eftir prentun.

4.3 Undirforritið "REFUR"

Undirforritið "REFUR" er gert til að lesa samfellda eindálka directaccessskrá sem inniheldur rennslisröðir í gígalítrum tveggja vikna tímabili allt að 39 árum (26 gildi í ári), $26 \cdot 39 = 1014$ ásamt endatákni sem er 999999. eða fjöldi recorda alls 1015 mest. Undirforritið sendir þessar rennslisröðir út í aðra skrá sem hentar fyrir "HYDRO". Gefa þarf upp fjölda ára sem lesa á inn, nafn á eindálka skránni, nafn á útskránni, númer sem geyma á rennslisröðina undir í útskránni og stutta lýsingu á röðinni (mest 40 stafir).

4.4 Undirforritið "REFADD"

Undirforritið "REFADD" gefur kost á því að bæta við eða draga (mínus gildi) ákveðið rennsli frá öllum rennslistölum í rennslisröð. Hagstætt ef t.d. þyrfti að draga frá konstant lindarrennsli. Gefa þarf upp fjölda ára, nafn á inn- og útskrá, númer á röðum, bæði í innskrá og útskrá ásamt gildi því sem draga á frá eða leggja við rennslistölu, lesið inn í m3/s, forritið sér sjálfst um að umreikna það yfir í GL/2v.

4.5 Undirforritið "RNYTT"

Undirforritið "RNYTT" er gert til að breyta rennslisröðum af gamla forminu (sjá kafla 2) yfir á nýja formið. Gefa þarf upp nöfn á inn- og útskrám, númer á rennslisröð, sama númer er í inn- og útskrá, einnig þarf að gefa upp allt að 40 stafa texta til að lýsa rennslisröðinni í útskránni.

4.6 Undirforritið "REFINP"

Undirforritið "REFINP" gefur kost á að lesa inn rennslisraðir, gildi fyrir gildi. Gefa þarf upp nafn á rennslisraðaskrá, númer á rennslisröð, 40 stafa lýsingu og fjölda ára sem lesa á inn. Síðan eru rennslisgildi (GL/2v) lesi inn undir formati I3F6.0, það er hvert ár í tveim línum 13 gildi í hvorri og síðan hvert árið á eftir öðru.

4.7 Undirforritið "REFCOR"

Undirforritið "REFCOR" er notað til að breyta einstökum rennslisgildum í rennslisröð, t.d. ef villa finnst í röðinni. Gefa þarf upp nafn á skrá, númer á rennslisröð, tölugildi fylkis fyrir það stak (rennslistala) sem breyta á og að lokum nýtt (leiðrétt) gildi á rennslistölu í því staki.

4.8 Undirforritið "QREFUR"

Undirforritið "QREFUR" er notað til að búa til rennslisraðir, með því að lesa gögn úr svokölluðum "Q-skrám" beint af DLAl:-diski. Gefa þarf upp númer á vatnshæðarmæli (50), upphafsvatnsár (50), loka vatnsár (80), nafn á útskrá sem innihalda á rennslisröðina, númer á rennslisröð í útskrá, 40 stafa lýsingu á rennslisröð og að eyða sé táknuð með -999. Q-skrár innihalda meðaldagsrennsli í m³/s, eitt ár í hverri skrá, QREFUR sér um að breyta þessu í Gl/2v og fella út rennsli 29 febrúar og 31 ágúst og sameina í eina skrá.

4.9 Undirforritið "RHAUS"

Undirforritið "RHAUS" er notað til að prenta eða sýna á skermi, textalínur sem lýsa rennslisröðum. Gefa þarf upp nafn á rennslisraðaskrá, stærð skrárinnar í blokkum, alltaf margfeldi af 8 (sjá § DIR/SIZE). Síðan þarf að segja til um hvort aðeins sýna á textalínurnar (40 stafir) á skjánum eða prenta þær einnig. Ef prenta á upplýsingarnar eru þær sendar út í skrá sem heitir RHAUS.DMP sem prentast sjálfkrafa og eyðileggst eftir það.

4.10 Undirforritið "REFCUT"

Undirforritið "REFCUT" er notað til að búa til eina rennslisröð úr hlutum tveggja rennslisraða. Hér er yfirleitt átt við það þegar til er rennslisröð á skrá með mældu rennsli, sem nær yfir skamman tíma t.d. hefur aðeins verið rennslismælt frá 1963 og nauðsyn þykir til að lengja röðina. Þá er notað rennslismótel eða eitthvað annað til að líkja eftir þessu rennsli og reiknuð rennslisröð sem nær þá yfir lengri tíma t.d. til 1950 ef ekki hefur verið mælt frá þeim tíma. Síðan þarf að sameina reiknað og mælt rennsli í eina rennslisröð. Það er gert til að nota mælt rennsli þann tíma sem það er þekkt og fylla svo upp með reiknuðu rennsli. Lesa þarf inn nafn á rennslisraðaskrá sem inniheldur báðar rennslisraðirnar sem nota á. Gefa þarf upp númer á báðum rennslisröðunum. Síðan þarf að gefa upp tímabil sem nota á af mældu rennslinu, þ.e. upphafs og loka vatnsár (dæmi: 63,79). Að lokum þarf að gefa lýsingu á nýju rennslisröðinni og númer sem hún á að hafa í rennslisraðaskránni.

HEIMILDASKRÁ

Gunnlaugur H. Jónsson 1980: **HYDRO- A Dynamic Simulation Program for Optimization of Hydropower Sites and Simulation of Hydropower Plants.** Orkustofnun, preprint of a paper presented at the Nordic Hydrological Conference, Vemdalen, Sweden, August 10-16th.

Hörður Svavarsson 1982a: **Rennslisráðir og forritið "REFUR".** Orkustofnun, Janúar 1982, Greinargerð HS-82/01.

Hörður Svavarsson 1982b: **Nefnd um endurskoðun á aðferðum við mat á orkuvinnslugetu vatnsorkuvera og rekstri þeirra.** Orkustofnun, nóvember 1982, fundargerð HS-82/08.

Hörður Svavarsson 1983: **Stöðvarskrár og forritið "STOD".** Orkustofnun, greinargerð, október 1982, HS-82/02.

VIÐAUKI

Forritið "REFUR"

```

)001      PROGRAM REFUR
)002      C
)003      CCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCC
)004      C FORRIT TIL AÐ VINNA MEÐ RENNSLISRAÐIR.
)005      C
)006      C Hördur Svavarsson februar 1983.
)007      CCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCC
)008      C
)009      2000      CONTINUE
)010              TYPE 3000
)011      3000      FORMAT (' HVAD FORRIT A AÐ NOTA ?',/,' 1=REBBI',/,' 2=REFPRI',/
)012              1' 3=REFUR',/,' 4=REFADD',/,' 5=RNYTT',/,' 6=REFINP',/
)013              1' 7=REFCOR',/,' 8=QREFUR',/,' 9=RHAUS',/,' 10=REFCUT',/
)014              1' 0=STOP',/1H , 'SVAR: ',#)
)015      ACCEPT 4000,ISVAR
)016      4000      FORMAT (I3)
)017              IF (ISVAR.EQ.0) GOTO 9000
)018              IF (ISVAR.EQ.1) CALL REBBI
)019              IF (ISVAR.EQ.2) CALL REFPRI
)020              IF (ISVAR.EQ.3) CALL PREFUR
)021              IF (ISVAR.EQ.4) CALL REFADD
)022              IF (ISVAR.EQ.5) CALL RNYTT
)023              IF (ISVAR.EQ.6) CALL REFINP
)024              IF (ISVAR.EQ.7) CALL REFCOR
)025              IF (ISVAR.EQ.8) CALL QREFUR
)026              IF (ISVAR.EQ.9) CALL RHAUS
)027              IF (ISVAR.EQ.10) CALL REFCUT
)028              GOTO 2000
)029      C
)030      9000      CONTINUE
)031              CALL LIB$IO_COMMAND('PRINT/NOFEED/DELETE REFPRI.DMP;#')
)032              CALL EXIT
)033              END
    
```

```

001          SUBROUTINE REBBI
002      C
003      CCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCC
004      C LES AF RENNSLISRADASKRAM; MAXBUF=4096, RECORDSIZE=1024, 39 AR,
005      C 26 TIMABIL I ARI, HVER RENNSLISRÖÐ TEKUR 8 BLOKKIR,
006      C 39 * 26 = 1014
007      C 1014 * 4(REAL*4) = 4056 BYTES
008      C 4056 + 40(BYTE) = 4096 BYTES = 8 * 512
009      C BYR TIL NYJAR RENNSLISRADIR, ÞAR SEM BUIÐ ER AÐ
010      C MARGFALDA MEÐ RENNSLISSTUÐLUM OG RAÐA I RETTA RÖÐ
011      C SENDIR NYJU RENNSLISRADIRNAR UT I SER SKRA.
012      C NANARI UPPLYSINGAR UM FORRITID OG RENNSLISRADIR ER AÐ
013      C FINNA I GREINARGERÐ "RENNSLISRADIR OG FORRITID REFUR" HS-82/01.
014      C AÐLAGAÐ VAX-11 I JANUAR 1983, Hörður Svævarsson.
015      CCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCC
016      C
017          DIMENSION DKON(12),RRQD(12,39,26),SUMM(12),SUMMI(12),SUMS(12)
018          DIMENSION RDIS(39,26),NRENN(12)
019          BYTE FNAME(32),BNAME(32),RNAFN(40),RRNAFN(40)
020      C
021      C
022          TYPE *,'FJÖLDI ARA (MEST 39) '
023          ACCEPT 2,IAR
024          TYPE *,'NAFN A FRUMRENNSLISSKRA '
025          ACCEPT 5001,IQ,BNAME
026          BNAME(IQ+1) = 0
027          TYPE *,'NAFN A NYRRI RENNSLISSKRA '
028          ACCEPT 5001,IQ,FNAME
029      5001      FORMAT (0,32A1)
030          FNAME(IQ+1) = 0
031      C
032      C
033      1111      CONTINUE
034          TYPE *,'FJÖLDI RENNSLISRADA (=0 TIL AÐ HÆTTA) '
035          ACCEPT 2,IFJ
036      2          FORMAT (I3)
037          IF (IFJ,EQ,0) GO TO 9999
038          TYPE *,'NO A RENNSLISRÖÐUM '
039          ACCEPT 6, (NRENN(I),I=1,IFJ)
040      6          FORMAT (12I3)
041          TYPE *,'STUÐLAR VIÐ RENNSLISRADIR '
042          ACCEPT 9, (DKON(I), I=1,IFJ)
043      9          FORMAT (12F6.0)
044          TYPE *,'NUMER A NYJU RENNSLISRÖÐINNI '
045          ACCEPT 2,NS
046          TYPE *,'TEXTI FYRIR NYJU RENNSLISRÖÐINA (40A1) '
047          TYPE *,'-----'
048          ACCEPT 5002,RRNAFN
049      5002      FORMAT (80A1)
050          DO 31 I=1,IFJ
051          OPEN (UNIT=1,NAME=BNAME,STATUS='OLD',ACCESS='DIRECT',
052          1FORM='UNFORMATTED',RECL=1024,ASSOCIATEVARIABLE=NRE)
053          NRE=NRENN(I)
054          READ (1,NRE) RNAFN,((RRQD(I,J,K),K=1,26),J=1,IAR)
055          CALL CLOSE(1)
056      31      CONTINUE
057      C
    
```

REBBI

14-Mar-1983 14:43:20

VAX-11 FORTRAN V3

11-Mar-1983 09:20:32

DRA01<VOD241>REFU

```

)058      DO 33 IS=1,IFJ
)059      SUMM(IS) = 0
)060      DO 32 I=1,IAR
)061      DO 32 J=1,26
)062      SUMM(IS)=SUMM(IS)+RRQD(IS,I,J)
)063      32  CONTINUE
)064      SUMM(IS)=SUMM(IS)/(26*IAR)
)065      33  CONTINUE
)066      C
)067      DO 34 IS=1,IFJ
)068      XXX = 0
)069      DO 35 I=1,8
)070      SUMMI(I)=SUMM(I)
)071      SUMMI(I)=1
)072      35  CONTINUE
)073      DO 37 JJ=1,IAR
)074      DO 37 KK=1,26
)075      SAFN=0
)076      DO 38 L=1,IFJ
)077      SAFN=SAFN+DKON(L)*RRQD(L,JJ,KK)/SUMMI(L)
)078      38  CONTINUE
)079      RDIS(JJ,KK) = SAFN
)080      XXX=XXX+RDIS(JJ,KK)
)081      37  CONTINUE
)082      34  CONTINUE
)083      C
)084      C
)085      OPEN (UNIT=2,NAME=FNAME,TYPE='UNKNOWN',ACCESS='DIRECT',
)086      1FORM='UNFORMATTED',RECL=1024,ASSOCIATEVARIABLE=NS)
)087      WRITE (2'NS) RRNAFN,((RDIS(J,K),K=1,26),J=1,IAR)
)088      CALL CLOSE(2)
)089      GO TO 1111
)090      C
)091      9999  RETURN
)092      END

```

```

001      SUBROUTINE REFPRI
002      C
003      CCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCC
004      C FORRIT ÞETTA LES AF RENNSLISRÁÐASKRAM, PRENTAR RENNSLISRÁÐIR,
005      C RENNSLI HVERS ARS OG MEDALRENNSLI. LES MEST 39 "ARA" RÁÐIR,
006      C Hörður Svavarsson, November 1982.
007      CCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCCC
008      C
009      BYTE FNAME(32),RNAFN(40),ESC
010      DIMENSION RRQD(39,26),SUM(39),VIKUM(26),IFJAR(39)
011      DATA ESC /"33/
012      C
013      OPEN (UNIT=3,NAME='REFPRI.DMP',STATUS='NEW')
014      CALL IDATE(MAN,IDAG,IAR)
015      TYPE *,'NAFN A RENNSLISSKRA'
016      ACCEPT 4,IQ,FNAME
017      4      FORMAT (Q,32A1)
018      FNAME(IQ+1) = 0
019      C
020      WRITE (3,600) ESC,ESC,ESC
021      C
022      600    FORMAT ('+',A1,'P2z',A1,'P96t',A1,'P4w')
023      C
024      C z: vertical pitch (fjöldi lína í tommu).
025      C t: form length (fjöldi lína á blaðsíðu).
026      C w: horizontal pitch (fjöldi stafa í tommu).
027      C r: vertical marsins (topp og botn spassia).
028      C
029      C600    FORMAT ('+',A1,'P2z',A1,'P96t',A1,'P4w',A1,'P4;92r')
030      C
031      55     CONTINUE
032      TYPE *,'NUMER A RENNSLISRÖÐ, <RET>=STOP'
033      ACCEPT 2,NRE
034      2      FORMAT (I3)
035      IF (NRE.EQ.0) GOTO 99
036      INR = NRE
037      C
038      TYPE *,'FJÖLDI ARA OG FRA HVADA ARI (T.D. 30,1950)'
039      ACCEPT 6,IJAR,IARBEG
040      C      IF (IJAR.EQ.0) GOTO 99
041      C      JJJJAR = IARBEG
